

**LAGNING LJÓSLEIÐARA Í SÆSTRENG YFIR REYÐARFJÖRÐ,
BERUFJÖRÐ, HAMARSFJÖRÐ OG ÁLFTAFJÖRÐ**

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning ljósleiðara í sæstreng yfir Reyðarfjörð, Berufjörð, Hamarsfjörð og Álftafjörð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar Fjarðarbyggðar og sveitarstjórnar Djúpavogshrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Þar sem ekki liggur fyrir staðfest aðalskipulag sem greinir frá legu strengsins innan netlaga, þurfa sveitarfélögin Fjarðarbyggð og Djúpavogshreppur að leita meðmæla Skipulagsstofnunar áður en framkvæmdaleyfi eru veitt sbr. 3. tl bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Þá þarf framkvæmdaraðili leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að friðlýstum náttúruminum verði spillt, skv. 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og að auki er lagning sæstrengja háð samþykki Umhverfisstofnunar skv. 9. gr. laga nr. 33/2004 um verndun hafs og stranda. Jafnframt þarf framkvæmdaraðili að hafa samráð við landeigendur eða umráðamenn lands sem þarf að fara um, sbr. 69. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 17. nóvember 2007.

10. október 2007

INNGANGUR

Þann 20. ágúst 2007 tilkynnti Landsnet lagningu ljósleiðara í sæstreng, yfir Reyðarfjörð, Berufjörð, Hamarsfjörð og Álftafjörð, til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits sveitarstjórna Djúpavogshrepps og Fjarðarbyggðar, Fornleifaverndar ríkisins, Hafrannsóknastofnunarinnar, iðnaðarráðuneytis, veiðimálastjórnar Landbúnaðarstofnunar, Siglingastofnunar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Djúpavogshreppi með bréfi dags. 28. ágúst 2007, Fjarðarbyggð með bréfi dags. 13. september 2007, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 3. september 2007, iðnaðarráðuneyti með bréfi dags. 16. september 2007 og barst 24. september 2007, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 8. október og barst 10. október, veiðimálastjórn Landbúnaðarstofnunar með bréfi dags. 31. ágúst 2007, Siglingastofnun með bréfi dags. 24. ágúst 2007 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 5. september 2007.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að tilgangur framkvæmdarinnar sé fyrst og fremst að endurbæta fjarskiptasamband milli tengivirkja Landsnets og auka öryggi í rekstri raforkuflutningskerfisins. Framkvæmdin feli í sér lagningu ljósleiðara í sjó þvert yfir Reyðarfjörð, Berufjörð, Hamarsfjörð og Álftafjörð. Um sé að ræða seinni áfanga í lagningu ljósleiðara frá aðveitustöð á Rangárvöllum við Akureyri að tengivirki við Hóla á Nesjum í Hornafirði. Sæstrengirnir verði lagðir út frá bát eða pramma, þeim verði slakað niður á botninn og muni þ.a.l ekki dragast eftir botninum og því verði rask í lágmarki. Í landtökum verða strengirnir varðir með plastrorum þannig að neðri endar hlífðarröranna nái niður fyrir stórstreymisfjöru. Yfir strengina og rörin verði settir steypupokar og allt grafið niður með neðansjávarmúl. Á 300 – 400 m kafla í Hamarsfirði og um 500 – 600 m kafla í Álftafirði koma grynningar upp á stórstraumsfjöru og á þeim köflum muni þurfa að grafa strengina niður. Við lagningu strengjanna í sjó verði þess gætt að fylgja þeim sæstrengjum sem fyrir eru eins og hægt sé. Það sé einungis í Reyðarfirði sem enginn sæstrengur sé fyrir. Fram kemur að gengið verði frá landtökusvæðum á yfirborði í sama horf og áður. Ef um gróið yfirborð sé að ræða verði sáð og/eða tyrft í svæðið í samráði við grasafraeðing. Sérstaklega verði gætt að vatn eigi ekki greiða rennislísið eftir skurðstæðum. Einu sýnilegu áhrif sæstrengsins á landi verða annars vegar merkingar við tengibrunna, þar sem tengdir séu saman sæstrengir og landstrengir, en við slíka brunna verði settar þrjár appelsínugular, hálfsmetra langar stikur. Hins vegar verði stefnumerkinn, sem sýna stefnu strengjanna í sjó sýnileg. Eingöngu sé þörf á nýjum stefnumerkjum við Reyðarfjörð, þar sem engir sæstrengir séu fyrir.

Áhrif á núverandi landnotkun.

Verndarsvæði: Fram kemur að beggja vegna Berufjarðar, þar sem strengurinn mun koma á land séu svæði á náttúruminjaskrá. Jafnframt muni strengurinn liggja um Álftafjörð sem sé á náttúruminjaskrá. Sérstæði Álftafjarðar, ásamt Hamarsfirði, felist í sjávarleirum og einstöku vistkerfi þeirra. Í 37. gr. náttúruverndarlaga er kveðið á um verndun slíkra svæða og að forðast skuli röskun þeirra eins og kostur sé. Þá kemur fram að umræddir firðir hafi verið meðal þeirra svæða sem Umhverfisstofnun lagði fram í tillögum sínum um náttúruverndaráætlun fyrir árin 2004 – 2008.

Sjávarbotn. Fram kemur að sæstrengurinn muni að mestu, eða nokkru, leyti fylgja öðrum strengjum sem nú þegar þvera alla firðina nema Reyðarfjörð. Strengurinn muni því að öllum líkindum ekki hafa áhrif umfram þau sem nú eru á vistkerfi fjarðanna, mögulegar nytjar eða efnistöku. Staðsetning strengsins yfir Reyðarfjörð hafi verið ákvörðuð í samráði við hagsmunaaðila og tekið mið af Aðalskipulagi Reyðarfjarðar 1990 – 2010 og muni strengurinn ekki hafa áhrif á aðra fyrirsjáanlega landnýtingu.

Landtökustaðir. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að landtökusvæðin séu að einhverju marki nýtt sem beitiland. Framkvæmdin muni ekki valda skerðingu á beitilandi né hafa áhrif á núverandi landnotkun. Bein umhverfisáhrif framkvæmdar verði fyrst og fremst rask á meðan á lagningu standi og flokkist því sem tímabundin.

Áhrif á lífríki sjávarbotns. Fram kemur að í fjörðunum sé nokkuð sléttur sand- og leirbotn að undanskildum Álftafirði þar sem sé nær eingöngu sandbotn. Í landtökum og fjöruborði sé nokkuð grýttur botn. Að fenginni reynslu hafi ekki komið í ljós neikvæð áhrif sæstrengja á lífríki eða sjávarbotn.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að í ljósi niðurstaðna úr könnun Fornleifastofu Reyðarfjarðar og Berufjarðar, bendi ekkert til þess að framkvæmdin muni hafa áhrif á skráðar fornleifar. Komi fornleifar í ljós við framkvæmdir muni verða farið eftir ákvæðum Þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Framkvæmdaraðili telur, að teknu tilliti til viðmiða í 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum, að áhrif framkvæmdarinnar séu minniháttar og vægi áhrifa óveruleg.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Sveitarstjórnir Fjarðarbyggðar og Djúpvogshrepps og Siglingastofnun telja að fyrirhuguð framkvæmd hafi ekki í för með sé umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fornleifavernd ríkisins, telur að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum að því gefnu að tekið verði tillit til fornleifa við sunnanverðan Reyðarfjörð. veiðimálastjórn Landbúnaðarstofnunar telur að framkvæmdin muni engin áhrif hafa á veiðihagsmuni eða lífríki laxfiska og þurfi því ekki að undirgangast mat á umhverfisáhrifum vegna hagsmuna í veiðimálum. Hafrannsóknastofnunin telur framkvæmdina ekki matsskylda en bendir á að kanna ætti hugsanlegar veiðislóðir í Reyðarfirði. Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdatími skuli valinn í samráði við Náttúrufræðistofu Íslands

Áhrif á lífríki. Umhverfisstofnun bendir á að athuganir hafi sýnt að sæstrengurinn muni liggja um sléttan sand- og leirbotn og muni ekki hafa skaðleg áhrif á lífríki eða sjávarbotn. Strengurinn liggja um tvö svæði á náttúruminjaskrá, Blábjörg við Berufjörð og Álftafjörð. Landtökustaður í Skipsnesi Álftafirði sé á viðkvæmu votlendissvæði með miklu fuglalífi. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að framkvæmdin hafi sem minnst áhrif á fuglalíf og því verði að ákveða framkvæmdatímann í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands. Umhverfisstofnun bendir á að breytt hafi verið út frá strengleið sem áður hafi verið kynnt Umhverfisstofnun um Teigarhorn í Berufirði, sem sé friðlýst náttúruvætti og beri því að nýju að leita umsagnar og leyfis Umhverfisstofnunar skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Auk þess sé lagning sæstrengja háð samþykki Umhverfisstofnunar skv. 9. gr. laga nr. 33/2004 um verndun hafs og stranda. Umsögn stofnunarinnar vegna tilkynningar á framkvæmdinni jafngildi ekki slíku samþykki.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins telur að fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Í samráði við skrásetjara fornleifa hafi landtökustaður sunnanvert í Reyðarfirði verið valinn þannig að hann raski ekki fornleifum við Holtastaðaeyri.

Áhrif á landnotkun. Hafrannsóknarstofnunin bendir á að þar sem ekki séu lagnir fyrir í Reyðarfirði ætti að kanna hvort þar séu veiðislóðir og hvort framkvæmdin raski möguleikum fiskimanna til veiða á hefðbundnum veiðislóðum. Framkvæmdaraðili svarar því til að strengleiðin hafi verið valin í samráði við hafnaryfirvöld og skipulagsyfyrirvöld sveitarfélagsins að teknu tilliti til fiskveiða í firðinum. Valin hafi verið stysta leið yfir fjörðinn til að takmarka veiðar eins lítið og mögulegt væri skv. ósk heimamanna.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu ljósleiðara í sæstreng yfir Reyðarfjörð, Berufjörð, Hamarsfjörð og Álftafjörð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3 b. í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Áhrif á lífríki. Fyrir liggur að strengurinn mun að hluta til vera lagður innan svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Skipulagsstofnun telur því mjög mikilvægt að framkvæmdaraðili leyti umsagna og leyfa Umhverfisstofnunar vegna þeirra hluta framkvæmdanna sem liggja innan verndaðra svæða og að samráð verði haft við Náttúrufræðistofnun Íslands við ákvörðun um framkvæmdartíma.

Áhrif á menningarminjar. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar verði ekki veruleg.

Áhrif á landnotkun. Fyrir liggur að lega strengsins mun að mestu fylgja legu annarra sæstrengja og því ekki breyta þeirri landnotkun sem þar er fyrir. Yfir Reyðarfjörð, þar sem enginn strengur liggur fyrir er þess gætt að lega strengsins hafi ekki áhrif á aðra landnotkun t.d efnistöku eða fiskveiðar. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdar á landnotkun verði óveruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsnets við

tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning ljósleiðara í sæstreng yfir Reyðarfjörð, Berufjörð, Hamarsfjörð og Álftafjörð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar Fjarðarbyggðar og sveitarstjórnar Djúpavogshrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Þar sem ekki liggur fyrir staðfest aðalskipulag sem greinir frá legu strengsins, þurfa sveitarfélögin Fjarðarbyggð og Djúpavogshreppur að leita meðmæla Skipulagsstofnunar áður en framkvæmdaleyfi eru veitt sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Þá þarf framkvæmdaraðili leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að friðlýstum náttúruminum verði spillt, skv. 38. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og að auki er lagning sæstrengja háð samþykki Umhverfisstofnunar skv. 9. gr. laga nr. 33/2004 um verndun hafs og stranda. Jafnframt þarf framkvæmdaraðili að hafa samráð við landeigendur eða umráðamenn lands sem fara þarf um, sbr. 69. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og samráð sem kynnt hefur verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 17. nóvember 2007.

Þóroddur F. Þóroddsson

Rut Kristinsdóttir